

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Ágúst 2021

Skráð atvinnuleysi lækkar og var 5,5% í ágúst

Skráð atvinnuleysi var 5,5% í ágúst og lækkaði úr 6,1% í júlí. Alls fækkaði atvinnulausum að meðaltali um 1.010 sem nemur rúmlega 8% fækkun atvinnulausra frá júlímánuði. Atvinnuleysi var 7,4% í júní, 9,1% í maí, 10,4% í apríl og 11,0% í mars 2021.

Atvinnulausir voru alls 11.499 í lok ágúst, 6.158 karlar og 5.341 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 404 frá júlilokum og atvinnulausum konum fækkaði um 634. Af þeim 1.038 atvinnulausu sem fækkaði á atvinnuleysisskrá í ágúst fóru ca. 500 á ráðningarstyrk, hins vegar bættust rúmlega 1.000 nýir atvinnuleitendur við í ágúst.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum eða 9,7% og minnkaði úr 10,9% í júlí. Næst mest var atvinnuleysið 6,1% á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði úr 6,7% frá því í júlí.


Vinnumálastofnun spáir því að draga muni áfram úr atvinnuleysi í september m.a. vegna árstíðarsveiflu og verði á bilinu 5,1% til 5,4%. Gera má ráð fyrir því að 2-300 einstaklingar muni aftur koma inn á skrá í september þegar ráðningarstyrk lýkur.

Alls höfðu 5.083 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst og fækkaði um 278 frá júlí. Hins vegar voru þeir 3.051 í ágústlok 2020.

Alls komu inn 908 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfín voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 306 störf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 73%, önnur teljast almenn störf.

Alls voru 4.492 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 440 frá júlí. Í ágúst 2020 var fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara 7.173 og hefur því fækkað um 2.681 frá þeim tíma.


Í ágúst gaf Vinnumálastofnun út 236 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi.



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 9,7% og minnkaði úr 10,9% í júlí. Næst mest var atvinnuleysið 6,1% á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði úr 6,7% frá því í júlí. Minnst var atvinnuleysi í ágúst á Norðurlandi vestra 1,8%, á Austurlandi 1,9% og 2,4% á Vestfjörðum og á Vesturlandi. Mest dró úr atvinnuleysi á Vesturlandi og Suðurlandi eða um rúm 10% að jafnaði. Á Vestfjörðum jókst það hins vegar lítið eitt. Á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysi um 10% að jafnaði en um 8% að jafnaði á höfuðborgarsvæðinu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí og ágúst.



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem það er 6,1% meðal karla og 6,0% meðal kvenna. Á Norðurlandi vestra var atvinnuleysi karla 2,0% og atvinnuleysi kvenna 1,5%. Á Suðurlandi var munurinn mestur eða 4,5% atvinnuleysi hjá konum og 2,7% atvinnuleysi hjá körlum. Á Suðurnesjum var atvinnuleysið einnig talsvert meira meðal kvenna en karla, eða 11,4% alls hjá konum en 8,6% hjá körlum. Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í ágúst.

Almennt atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru alls 11.499 í lok ágúst, 6.158 karlar og 5.341 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 404 frá júlílokum og atvinnulausum konum fækkaði um 634.

Alls voru 1.097 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok ágúst og hefur þeim fækkað um 128 frá júlí 2021 svo og fækkað um 827 frá ágúst 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrarsbili var 1.924.

Lengd á skrá

Alls höfðu 5.083 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst og fækkaði um 278 frá júlí. Hins vegar voru þeir 3.051 í ágústlok 2020. Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði talsvert frá júlí eða

um 575 og voru 2.884 í lok ágúst en 3.459 í lok júlí. Í ágúst 2020 var þessi fjöldi 3.627.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fækkaði í nær öllum atvinnugreinum í ágúst 2021 frá mánuðinum á undan, meðal stærstu atvinnugreina fækkaði mest í ferðatengdri starfsemi (ferðapjónustu ýmiss konar, gistipjónustu og farþegaflutningum) eða á bilinu 11% til 13% og í menningartengdri starfsemi um 12% milli mánaða. Í öðrum atvinnugreinum var fækkun atvinnulausra á bilinu 4% til 8%. Í upplýsingatækni og útgáfu fækkaði atvinnulausum frá júlí um rúm 8%.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði atvinnulausum frá júlílokum mest meðal vélafélks um 12% og nálægt 11% við þjónustu og sölustörf. Meðal flestra annarra starfsstétta var fækkunin 7-8%.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.492 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 440 frá júlí eða að meðaltali um 9% frá júlí. Mesta hlutfallslega fækkun atvinnulausra frá júlí var meðal atvinnulausra erlendra ríkisborgara í ferðatengdri starfsemi ýmiss konar eða um 12% svo og í menningartengdri starfsemi ýmiss konar.

Þessi fjöldi samsvarar um 12,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 39% í ágúst.




Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.156 sem er um 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því

næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok ágúst 2021




Atvinnuleyfi

Í ágúst gaf Vinnumálastofnun út 236 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 200 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 93 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 143 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í ágúst hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 77 leyfi. Þá voru gefin út 50 námsmannaleyfi og 36 þjónustusamningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í ágúst voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 44% og 23% vegna þjónustustarfa. Um 20% voru vegna starfa sérhæfðs iðnverkafólks. Um 13% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í ágúst 2021



- Sérfræðiþekking
- Skortur á vinnuafli
- Íþróttafólk
- Sérstakar ástæður
- Fjölskyldusameining
- Þjónustusamningur
- Námsmaður

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 33 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í ágúst 2021 með samtals 226 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 440 í ágúst á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 49%, 21% frá Litháen og 15% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 15% starfsmanna komu frá átta öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst voru gefin út 77 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 40 einstaklingar, 14 fóru til Litháen og fjórir til Svíþjóðar. Þá voru gefin út 19 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, ágúst 2021



- Pólland
- Litháen
- Svíþjóð
- Annað

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í ágúst voru gefin út 65 slík vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 21 vottorð og 10 vottorð voru gefin út til Litháen. Þau sem eftir standa eða 34 vottorð voru gefin út til 12 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í ágúst

Alls komu inn 908 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 306 störf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 73%, önnur teljast almenn störf. Um það bil 53% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 19% á Suðurlandi og 9% á Suðurnesjum. Þá eru 19% annars staðar á landinu.

Um 500 ráðningarsamningar voru gerðir í ágúst í áttakinu Hefjum störf. Hægt er að skoða fjölda auglýstra starfa og ráðningar í áttakinu Hefjum störf ef smelt er á eftirfarandi hlekk:

<https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord-hefjum-storf>

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	288	21%
Þjónustustörf	168	19%
Afgreiðslustörf	93	10%
Iðnaðarmenn	152	17%
Verkafólk í þjónustu	306	34%
Verkafólk í iðnaði, landb. o.fl.	1	0%
Samtals	908	100%

og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 46 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið. Þá voru 148 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 294 einstaklingar voru skráðir í úrræðið. Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.


Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í ágúst vann 51 einstaklingur að slíkri hugmynd. Þá voru 5.794 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í ágúst tóku 6.511 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 135 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í ágúst 2021



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum